

## Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um ríkisborgararétt erlendra maka.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða skilyrði þarf erlendur maki Íslendinga að uppfylla til að fá íslenskan ríkisborgararétt ef parið býr að staðaldri erlendis, t.d. við nám eða störf?
2. Hvaða skilyrði þarf að uppfylla í sambærilegum tilvikum þegar erlendur maki ríkisborgara með sænskt, danskt, þýskt, breskt, franskt, hollenskt, belgískt, ítalskt eða spánskt ríkisfang sækir um ríkisborgararétt?

**Skriflegt svar óskast.**